

SAMÞYKKT  
um breytingu á samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar nr. 252/2022.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. samþykktarinnar:

- a. 5. mgr. B-liðar I. kafla um Mannvirkja- og veitunefnd fellur brott.
- b. Heiti 6. mgr. B-liðar I. kafla um Stjórn menningarstofu og safnastofnunar verður: *Stjórn menningarstofu*. Hvar sem orðin „stjórn menningarstofu og safnastofnunar“ koma fyrir í málsgreininni kemur: Stjórn menningarstofu.
- c. 7. mgr. B-liðar I. kafla um Umhverfis- og skipulagsnefnd fellur brott.
- d. Við B-lið I. kafla bætist ný málsgrein, svohljóðandi:  
*Skipulags- og framkvæmdanefnd*. Bæjarstjórn kýs sjö fulltrúa og jafnmarga til vara í skipulags- og framkvæmdanefnd. Nefndin skal móta stefnu sveitarfélagsins varðandi náttúruvernd, landbúnaðarmál og umhverfismál, þ.m.t. meðferð úrgangs, skipulags- og byggingarmál og samgöngu- og umferðaröryggismál. Jafnframt mótar hún stefnu sveitarfélagsins varðandi mannvirki, og umsjón þeirra, fasteignauskýslu, framkvæmdir bæjarins, viðhaldsmál og veitur. Nefndin skal taka ákvarðanir og gera tillögur til bæjarráðs um málefni á verksviði sínu. Jafnframt hefur nefndin eftirlit með að samþykktum og stefnumörkun á verksviði hennar sé fylgt. Þá fer nefndin með önnur þau verkefni sem bæjarráð ákveður.
- e. Hvar sem „umhverfis- og skipulagsnefnd“ kemur fyrir í 1. tl. C-liðar I. kafla um Fjallaskilanefnd, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Skipulags- og framkvæmdanefnd.
- f. Hvar sem „stjórn menningarstofu og safnastofnunar“ kemur fyrir í II. kafla, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Stjórn menningarstofu.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á viðaukum við samþykktina:

- a. Viðauki 1.1 breytist og er birtur með samþykkt þessari. Verður heiti hans: Skipulags- og framkvæmdanefnd.
- b. Viðauki 1.2 um Mannvirkja- og veitunefnd fellur brott, og breytast númer annarra viðauka sem á eftir koma samkvæmt því.
- c. Heiti viðauka 1.5 breytist og verður: Stjórn menningarstofu.  
Hvar sem „Menningar- og nýsköpunarnefnd“ kemur fyrir í viðaukanum kemur í viðeigandi beygingarfalli: Stjórn menningarstofu.
- d. Heiti viðauka 1.8 breytist og verður: Skipulags- og umhverfisfulltrúi.  
Hvar sem „Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssvið“ kemur fyrir í viðaukanum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Skipulags- og umhverfisfulltrúi.  
Hvar sem „Eigna-, skipulags- og umhverfisnefnd“ kemur fyrir í viðaukanum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Skipulags- og framkvæmdanefnd, sem og í viðauka 1.9. og 1.10.  
2. mgr. 2. gr. viðaukans breytist og verður svohljóðandi:  
Skipulags- og umhverfisfulltrúi afgreiðir endurnýjun áður útgefinna lóðarleigusamninga án staðfestingar skipulags- og framkvæmdanefndar. Afgreiðslur skipulags- og umhverfisfulltrúa skulu lagðar fram til kynningar á fundum skipulags- og framkvæmdanefndar undir liðnum: Afgreiðslur skipulags- og umhverfisfulltrúa.
- e. Heiti viðauka 1.10 breytist og verður: Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.  
Hvar sem „Sviðsstjóri framkvæmdasviðs“ kemur fyrir í viðaukanum, kemur í viðeigandi beygingarfalli: Sviðsstjóri framkvæmda- og umhverfissviðs.

3. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Fjarðarbyggðar hefur sett samkvæmt 9. gr. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Innviðaráðuneytinu, x. desember 2023.*

F. h. r.

**Aðalsteinn Þorsteinsson.**

*Ólöf Sunna Jónsdóttir.*